# Reykjanesbær

Ársreikningur

# 2007

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ
kt. 470794-2169

# Reykjanesbær

## Ársreikningur

# 2007

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra | 2 |
| Áritun óháðra endurskoðenda og skoðunarmanna | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5-6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-21 |

# Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Reykjanesbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 6.170,7 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir a og b hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 5.671,7 milljónum króna. Rekstrartekjur a-hluta námu um 5.684,8 milljónum króna en fjárhagsáætlunin gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 5.235,6 milljónum króna.

Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu um 2.547,7 milljónum króna en starfsmannafjöldi sveitarfélagsins nam 575 stöðugildum í árslok.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi a og b hluta var hagnaður að fjárhæð um 2.492,7 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir hagnaði sem nam um 2.063,9 milljónum króna. Rekstrarniðurstaða a-hluta var hagnaður að fjárhæð um 2.022,9 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir hagnaði um 2.139,5 milljónum króna.

Heildareignir bæjarsjóðs námu um 11.949,6 milljónum króna og heildareignir sveitarfélagsins í samanteknum ársreikningi um 17.730,8 milljónum króna í árslok 2007. Heildarskuldir og skuldbindingar bæjarsjóðs námu um 6.480,5 milljónum króna og í samanteknum ársreikningi um 10.975,7 milljónum króna á sama tíma. Eigið fé bæjarsjóðs nam um 5.469,1 milljón króna og eigið fé í samanteknum reikningsskilum nam um 6.754,1 milljónir króna í árslok 2007.

Íbúafjöldi Reykjanesbæjar í lok árs 2007 var 13.256 og var fjölgun um 1.328 einstaklinga frá fyrra ári.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar og bæjarstjóri staðfesta hér með ársreikning Reykjanesbæjar fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 20. maí 2008

Árni Sigfússon
bæjarstjóri

Björk Guðjónsdóttir
forseti bæjarstjórnar

Böðvar Jónsson

Garðar Vilhjálmsson

Guðbrandur Einarsson

Þorsteinn Erlingsson

Ólafur Thordersen

Steinþór Jónsson

Eysteinn Jónsson

Sigríður Jóna Jóhannesdóttir

Sveindís Valdimarsdóttir

# Áritun óháðra endurskoðenda og skoðunarmanna

**Til bæjarstjórnar Reykjanesbæjar**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning bæjarsjóðs og samantekinn ársreikning Reykjanesbæjar og fyrirtækja hans fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga og reikningsskil sveitarfélaga á Íslandi.

Reykjanesbær, 20. maí 2008

**Deloitte hf.**

Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn bæjarsjóðs Reykjanesbæjar höfum yfirfarið ársreikning bæjarsjóðs Reykjanesbæjar fyrir árið 2007. Við höfum fengið þær upplýsingar sem við höfum óskað eftir og sjáum engar ástæður til athugasemda. Með vísan til þess og áritunar endurskoðenda leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjanesbær, 20. maí 2008

Júlíus Jónsson

Reynir Ólafsson

# Rekstrarreikningur ársins 2007

| | Skýr. | Bæjarsjóður | | | Samantekið a og b hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2007 | Áætlun | 2006 | 2007 | Áætlun | 2006 |
| **Rekstrartekjur** | 3 | | | | | | |
| Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs | | 3.895.851 | 3.816.000 | 3.255.136 | 3.870.010 | 3.816.000 | 3.231.241 |
| Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga | | 681.403 | 591.416 | 651.651 | 681.403 | 591.416 | 651.651 |
| Þjónustutekjur | | 1.049.814 | 821.647 | 979.022 | 1.378.908 | 1.089.724 | 1.205.361 |
| Eignatekjur | | 4.667 | 6.517 | 4.439 | 151.828 | 174.517 | 197.796 |
| Söluhagnaður fastafjármuna | | 53.029 | 0 | 78.478 | 88.555 | 0 | 59.884 |
| | | 5.684.765 | 5.235.580 | 4.968.726 | 6.170.705 | 5.671.657 | 5.345.934 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | 2.488.689 | 2.518.000 | 2.281.813 | 2.547.740 | 2.572.532 | 2.333.127 |
| Hækkun lífeyrisskuldbindinga | 2,14 | 188.599 | 150.000 | 341.238 | 198.321 | 150.000 | 345.806 |
| Vöru- og þjónustukaup | | 2.366.837 | 2.046.138 | 1.980.865 | 2.602.470 | 2.157.366 | 2.143.982 |
| Styrkir og framlög | | 868.450 | 743.975 | 664.659 | 817.265 | 743.975 | 664.659 |
| Afskriftir | | 40.391 | 40.037 | 32.289 | 135.156 | 128.774 | 123.781 |
| | | 5.952.966 | 5.498.150 | 5.300.863 | 6.300.952 | 5.752.647 | 5.611.356 |
| **Rekstrartap** | | (268.200) | (262.570) | (332.137) | (130.247) | (80.990) | (265.422) |
| Tekjur af hlutdeildarfélögum | | 0 | 0 | 0 | 1.243.340 | 416.640 | 1.002.008 |
| Fjármunatekjur | 5 | 360.036 | 383.613 | 401.116 | 116.239 | 383.613 | 145.333 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (202.348) | (111.655) | (558.871) | (608.233) | (523.435) | (994.379) |
| Söluhagnaður hlutabréfa | | 2.133.374 | 2.130.072 | 0 | 1.871.599 | 1.868.072 | 0 |
| **Hagnaður (tap)** | | 2.022.862 | 2.139.459 | (489.892) | 2.492.698 | 2.063.900 | (112.460) |

# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | Bæjarsjóður 31.12.2007 | Bæjarsjóður 31.12.2006 | Samantekið a og b hluti 31.12.2007 | Samantekið a og b hluti 31.12.2006 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir** | 7 | | | | |
| Fasteignir og byggingarland | | 494.027 | 497.318 | 2.292.285 | 2.331.867 |
| Götur og veitukerfi | | 1.396.906 | 1.119.650 | 2.076.212 | 1.628.560 |
| Hafnarmannvirki | | 0 | 0 | 653.323 | 658.959 |
| Tæki, bifreiðar og lóðsbátur | | 6.362 | 5.640 | 23.385 | 22.530 |
| | | 1.897.296 | 1.622.608 | 5.045.205 | 4.641.917 |
| **Áhættufjármunir og langtímakröfur** | | | | | |
| Eignarhlutir í hlutdeildar- og dótturfélögum | 8 | 4.704.169 | 5.067.854 | 7.654.360 | 6.978.772 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 8 | 525.312 | 86.215 | 525.312 | 86.215 |
| Skuldabréf | 9 | 80.831 | 102.499 | 98.230 | 124.413 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki | | 660.160 | 517.562 | 0 | 0 |
| Aðrar langtímakröfur | 10 | 40.205 | 0 | 40.205 | 0 |
| Langtímakröfur Manngildissjóður | 10 | 621.673 | 571.190 | 621.673 | 571.190 |
| | | 6.632.350 | 6.345.321 | 8.939.780 | 7.760.590 |
| **Fastafjármunir** | | 8.529.646 | 7.967.929 | 13.984.985 | 12.402.506 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| **Vörubirgðir** | | | | | |
| Birgðir | | 0 | 944 | 0 | 944 |
| | | 0 | 944 | 0 | 944 |
| **Skammtímakröfur** | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | 11 | 959.195 | 707.422 | 1.252.197 | 836.426 |
| Aðrar skammtímakröfur | 11 | 347.558 | 203.068 | 378.737 | 224.334 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki B-hluti | | 1.543 | 162.519 | 0 | 0 |
| Næsta árs og gjaldfallnar afborganir skuldabréfaeignar | 9 | 58.080 | 50.624 | 55.775 | 49.779 |
| | | 1.366.376 | 1.123.634 | 1.686.709 | 1.110.539 |
| **Handbært fé** | | | | | |
| Markaðsverðbréf | 12 | 1.907.842 | 0 | 1.907.842 | 0 |
| Bankainnistæður og sjóður | | 145.783 | 188.954 | 151.310 | 194.594 |
| | | 2.053.625 | 188.954 | 2.059.153 | 194.594 |
| **Veltufjármunir** | | 3.420.001 | 1.313.531 | 3.745.862 | 1.306.077 |
| **Eignir** | | 11.949.648 | 9.281.460 | 17.730.847 | 13.708.583 |

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | Bæjarsjóður 31.12.2007 | Bæjarsjóður 31.12.2006 | Samantekið a og b hluti 31.12.2007 | Samantekið a og b hluti 31.12.2006 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Eigið fé | 13 | 5.469.150 | 3.106.734 | 6.754.082 | 3.511.205 |
| **Eigið fé** | | 5.469.150 | 3.106.734 | 6.754.082 | 3.511.205 |
| **Hlutdeild minnihluta** | | | | | |
| Hlutdeild minnihluta í eigin fé | | 0 | 0 | 1.080 | 1.080 |
| **Skuldir og skuldbindingar** | | | | | |
| **Skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 14 | 2.180.157 | 2.039.382 | 2.224.142 | 2.074.298 |
| | | 2.180.157 | 2.039.382 | 2.224.142 | 2.074.298 |
| **Langtímaskuldir** | 15 | | | | |
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum | | 1.914.792 | 1.905.076 | 1.986.935 | 1.974.655 |
| Skuldir í íslenskum krónum | | 1.084.169 | 1.449.500 | 4.306.783 | 4.967.811 |
| | | 2.998.961 | 3.354.577 | 6.293.717 | 6.942.467 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 5.537 | 5.568 | 218.147 | 42.483 |
| Viðskiptaskuldir | | 176.591 | 172.812 | 194.158 | 190.369 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki B-hluti | | 33.549 | 53.292 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 553.072 | 249.443 | 663.069 | 358.195 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 15 | 532.631 | 299.652 | 1.382.452 | 588.487 |
| | | 1.301.380 | 780.767 | 2.457.826 | 1.179.534 |
| **Skuldir og skuldbindingar** | | 6.480.498 | 6.174.726 | 10.975.685 | 10.196.298 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 11.949.648 | 9.281.460 | 17.730.847 | 13.708.583 |
| **Skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga** | 17 | 6.032.048 | 5.757.118 | 6.032.048 | 5.757.118 |
| **Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar** | 16 | | | | |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2007

| | Skýr. | Bæjarsjóður 2007 | Bæjarsjóður 2006 | Samantekið a og b hluti 2007 | Samantekið a og b hluti 2006 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | 2.022.862 | (489.892) | 2.492.698 | (112.460) |
| **Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:** | | | | | |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna | | 40.391 | 32.289 | 135.156 | 123.781 |
| Afskriftir krafna | | 17.271 | 0 | 20.243 | 0 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | | (53.029) | (78.478) | (88.555) | (59.884) |
| Söluhagnaður hlutabréfa | | (2.133.374) | 0 | (1.871.599) | 0 |
| Verðbætur og gengismunur | | (123.865) | 338.968 | 136.917 | 655.992 |
| Hlutdeildartekjur að frádregnum arðtekjum | | 0 | 0 | (1.051.039) | (792.496) |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | | 188.599 | 341.238 | 198.321 | 345.806 |
| **Hreint veltufé frá (til) rekstrar** | | (41.145) | 144.125 | (27.859) | 160.739 |
| **Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:** | | | | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | | 944 | 0 | 944 | 0 |
| Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun) | | (264.210) | (128.354) | (428.208) | (128.354) |
| Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | (146.574) | (90.388) | (159.466) | (29.799) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 307.408 | 100.315 | 308.663 | 110.952 |
| Skammtímaliðir á b - hluta fyrirtæki | | 141.234 | (21.791) | 0 | 0 |
| **Handbært fé frá (til) rekstrar** | | (2.343) | 3.907 | (305.926) | 113.538 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | |
| Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum | | (335.210) | (803.824) | (621.552) | (1.040.920) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | | 74.781 | 92.996 | 173.282 | 125.831 |
| Fjárfest í eignarhlutum í félögum | | (5.115.693) | (15.262) | (4.953.108) | (15.262) |
| Seld hlutabréf | | 7.442.081 | 0 | 7.442.081 | 0 |
| Afborgun langtímakrafna | | 29.420 | 200.648 | 22.725 | 194.600 |
| Ný skuldabréfaeign og aðrar kröfur | | (120.372) | (17.981) | 0 | (17.981) |
| Afborganir skuldabréfaeignar | | 36.333 | 95.026 | 41.901 | 119.947 |
| | | 2.011.340 | (448.396) | 2.105.329 | (633.784) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Skammtímalán | | (31) | 5.568 | 175.664 | 37.476 |
| Nýjar langtímaskuldir | | 4.930.605 | 911.481 | 5.317.835 | 1.376.481 |
| Afborganir langtímaskulda | | (5.027.074) | (379.781) | (5.379.867) | (805.369) |
| Niðurgreiðsla lífeyrisskuldbindinga | | (47.825) | (53.017) | (48.476) | (53.017) |
| | | (144.325) | 484.251 | 65.155 | 555.570 |
| **Hækkun (lækkun) handbærs fjár** | | 1.864.671 | 39.762 | 1.864.558 | 35.324 |
| **Handbært fé í upphafi árs** | | 188.954 | 149.192 | 194.594 | 159.271 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 2.053.625 | 188.954 | 2.059.153 | 194.594 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, lög um ársreikninga, nr 144/1994, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í a og b-hluta. Til a-hluta telst bæjarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð og þjónustustöð.

Til b-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir b-hluta eru: Fráveita Reykjanesbæjar, Framkvæmdasjóður aldraðra, Húsnæðisnefnd Reykjanesbæjar, Reykjaneshöfn, Fasteignir Reykjanesbæjar ehf., Álfabrú ehf. og Þróunarsjóður Reykjanesbæjar hf.

Ársreikningur Reykjanesbæjar fyrir árið 2007 hefur að geyma ársreikning fyrir bæjarsjóð og samantekinn ársreikning fyrir a og b hlutana.

Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar fyrir árið 2007 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

### Ársreikningur bæjarssjóðs

Ársreikningur bæjarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustustöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda bæjarsjóð færð út.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til bæjarsjóðs og b-hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur bæjarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli bæjarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.
Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.
Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjurfærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Gjaldfærslur á tímabil

Gjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

### Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

Eignarhlutar í félögum eru færðir niður í markaðsverð eða matsverð þar sem það er lægra en kostnaðarverð og niðurfærsla gjaldfærð í rekstrarreikningi.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir bæjarsjóðs eru nú færðir á matsverði sbr. viðmiðun Félagsmálaráðuneytis eða framreiknuðu kostnaðarverði til ársloka 2001 að frádreginni árlegri afskrift sem miðuð er við áætlaðan líftíma eignanna. Frá og með árinu 2002 eru varanlegir rekstrarfjármunir ekki framreiknaðir. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði eignanna og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum.

Stofnverð nýrra gatna- og veitukerfa er eignfært að frádregnum gatnagerðar- og heimæðargjöldum og sérstökum fráveituskatti.

Framlög jöfnunarsjóðs til stofnframkvæmda færast til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir.......................................................................... | 25 til 50 ár |
| Lóðir og lönd vegna skipulags, gatnakerfi .................. | 25 til 50 ár |
| Veitukerfi.......................................................................... | 50 ár |
| Hafnarmannvirki ............................................................ | 7 til 25 ár |
| Lóðsbátur ......................................................................... | 12 ár |
| Aðrar eignir...................................................................... | 3 til 8 ár |

### Eignarhlutar í félögum

Frá 1. janúar 2002 hafa eignarhlutar bæjarsjóðs í öðrum félögum verið færðir á kostnaðarverði í ársreikningi bæjarsjóðs eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra og frá sama tíma er ekki færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi bæjarsjóðs. Bókfærðu verði eignarhluta sem voru í eigu bæjarsjóðs í árslok 2001 hefur ekki verið breytt.

Í samanteknum ársreikningi eru eignarhlutir bæjarsjóðs í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Eignir utan efnahags

Lönd og lóðir í eigu Reykjanesbæjar eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi, ef frá er talið land sem keypt hefur verið vegna skipulags eða lóðaúthlutunar.

### Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. kafla um niðurfærslu eigna.

### Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði. Hæfilegt tillit hefur tekið til úreltra og gallaðra vara.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði auk áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr kafla um niðurfærslu eigna.

### Markaðsverðbréf

Markaðsverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á rekstrarreikning á því tímabili þegar þær verða til þar sem um er að ræða verðbréf sem ætlað er að hagnast á af skammtímaverðbreytingum. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti þá eru markaðsverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóð, innstæðum í bönkum í innlendum og erlendum gjaldeyri og öðrum sambærilegum eignum sem eiga það sameiginlegt að vera handbærar innan þriggja mánaða.

### Skuldbindingar

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar til verðlags í árslok eins og lánakjör segja til um. Skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

### Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi skuldir er að ræða.

### 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | Bæjarsjóður | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| | 2007 | Fjárhags-áætlun 2007 | 2007 | Fjárhags-áætlun 2007 |
| **Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Útsvör | 3.353.076 | 3.277.000 | 3.353.076 | 3.277.000 |
| Fasteignaskattur | 453.661 | 461.000 | 427.820 | 461.000 |
| Lóðarleiga | 89.115 | 78.000 | 89.115 | 78.000 |
| | 3.895.851 | 3.816.000 | 3.870.010 | 3.816.000 |
| **Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Þjónustuframlag | 227.492 | 207.000 | 227.492 | 207.000 |
| Framlag vegna fasteignagjalda | 171.964 | 141.738 | 171.964 | 141.738 |
| Almennt grunnskólaframlag | 231.437 | 196.578 | 231.437 | 196.578 |
| Framlag vegna sérþarfa barna | 42.410 | 38.900 | 42.410 | 38.900 |
| Framlag vegna nýbúa | 8.100 | 7.200 | 8.100 | 7.200 |
| | 681.403 | 591.416 | 681.403 | 591.416 |
| **Aðrar tekjur** | | | | |
| Þjónustutekjur | 1.049.814 | 821.647 | 1.378.908 | 1.089.724 |
| Eignatekjur | 4.667 | 6.517 | 151.828 | 174.517 |
| Söluhagnaður fastafjármuna | 53.029 | 0 | 88.555 | 0 |
| | 1.107.511 | 828.164 | 1.619.291 | 1.264.241 |
| Rekstrartekjur samtals | 5.684.765 | 5.235.580 | 6.170.705 | 5.671.657 |

**Álagningarhlutföll**

| | |
|---|---|
| Útsvar | 12,70% |
| Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði | 0,30% |
| Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði og óbyggt land | 1,65% |

### 4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | Bæjarsjóður | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| | 2007 | Fjárhags-áætlun 2007 | 2007 | Fjárhags-áætlun 2007 |
| Laun | 2.099.967 | 2.099.256 | 2.154.997 | 2.150.175 |
| Launatengd gjöld | 388.722 | 418.744 | 392.743 | 422.357 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 2.488.689 | 2.518.000 | 2.547.740 | 2.572.532 |
| | | | | |
| Stöðugildi í árslok 2007 | 565 | | 575 | |
| Starfsmannafjöldi í árslok 2007 | 789 | | 800 | |

Laun bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu um 47,6 milljónum króna.

## 5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | Bæjarsjóður | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| | 2007 | Fjárhags-áætlun 2007 | 2007 | Fjárhags-áætlun 2007 |
| Vaxta og verðbótatekjur | 338.856 | 220.116 | 287.360 | 220.116 |
| Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður | 226.098 | 174.312 | 33.797 | 174.312 |
| Matsbreyting markaðsverðbréfa | 45.883 | 0 | 45.883 | 0 |
| Fjármagnstekjuskattur | (250.802) | (10.815) | (250.802) | (10.815) |
| | 360.036 | 383.613 | 116.239 | 383.613 |
| Vextir og verðbætur langtímalána | 240.255 | 199.676 | 590.038 | 611.455 |
| Gengistap langtímalána | (104.181) | (160.000) | (104.198) | (160.000) |
| Önnur vaxtagjöld | 66.275 | 71.980 | 122.393 | 71.980 |
| | 202.348 | 111.655 | 608.233 | 523.435 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals | 157.688 | 271.957 | (491.994) | (139.822) |

## 6. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Fjárhags-áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur | 0 | 4.583.690 | 4.583.690 | 4.407.416 |
| Félagsþjónusta | 464.910 | 181.577 | (283.333) | (291.848) |
| Heilbrigðismál | 3.803 | 0 | (3.803) | (3.803) |
| Fræðslu- og uppeldismál | 2.910.426 | 247.449 | (2.662.977) | (2.666.119) |
| Menningarmál | 230.545 | 32.519 | (198.027) | (168.565) |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 832.895 | 146.650 | (686.245) | (611.703) |
| Brunamál og almannavarnir | 109.607 | 0 | (109.607) | (109.364) |
| Hreinlætismál | 151.326 | 111.945 | (39.380) | (43.531) |
| Skipulags- og byggingarmál | 143.287 | 78.596 | (64.691) | (8.248) |
| Umferðar- og samgöngumál | 240.881 | 165.667 | (75.213) | (79.680) |
| Umhverfismál | 88.494 | 45 | (88.448) | (74.065) |
| Atvinnumál | 39.046 | 11.930 | (27.116) | (30.839) |
| Framlög til B-hluta stofnanir | 51.185 | 0 | (51.185) | (15.000) |
| Sameiginlegur kostnaður | 401.393 | 41.608 | (359.785) | (333.729) |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 140.774 | 0 | (140.774) | (150.000) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 0 | 2.298.500 | 2.298.500 | 2.399.353 |
| Jöfnunarfærslur | (28.298) | (12.740) | 15.558 | 24.925 |
| Aðalsjóður samtals | 5.780.273 | 7.887.437 | 2.107.163 | 2.245.199 |
| **A-hluta stofnanir:** | | | | |
| Eignasjóður | 88.213 | 86.995 | (1.218) | (37.033) |
| Jöfnunarfærslur | (6.435) | (14.235) | (7.800) | (24.925) |
| Þjónustustöð | 98.416 | 30.890 | (67.526) | (43.782) |
| Jöfnunarfærslur | (6.368) | (14.125) | (7.757) | 0 |
| Bæjarsjóður samtals | 5.954.099 | 7.976.961 | 2.022.862 | 2.139.459 |

## 6. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun (framhald)

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Fjárhags-áætlun |
|---|---|---|---|---|
| **B-hluta stofnanir:** | | | | |
| Fráveita Reykjanesbæjar | 162.473 | 172.905 | 10.433 | 81.378 |
| Húsnæðisnefnd Reykjanesbæjar | 8.150 | 0 | (8.150) | 0 |
| Reykjaneshöfn | 424.442 | 186.486 | (237.956) | (126.357) |
| Álfabrú ehf | 318 | 2.314 | 1.996 | 0 |
| Fasteignafélag Reykjanesbæjar ehf | 281.801 | 200.199 | (81.602) | (59.000) |
| Þróunarsjóður Reykjanesbæjar hf | 12.469 | 8.321 | (4.148) | 0 |
| | 889.654 | 570.226 | (319.428) | (103.979) |
| Hlutdeildarfærslur | 0 | 789.265 | 789.265 | 28.420 |
| Samantekt samtals | 6.843.753 | 9.336.451 | 2.492.698 | 2.063.900 |

## 7. Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

### Bæjarsjóður

| | Fasteignir og byggingaland | Götur og veitukerfi | Tæki og bifreiðar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 748.520 | 1.150.305 | 9.413 | 1.908.238 |
| Afskrifað áður | (251.202) | (30.655) | (3.772) | (285.630) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 497.318 | 1.119.650 | 5.640 | 1.622.608 |
| Viðbót á árinu | 32.321 | 302.589 | 1.920 | 336.830 |
| Selt á árinu | (21.674) | 0 | (78) | (21.752) |
| Afskrifað á árinu | (13.938) | (25.333) | (1.120) | (40.391) |
| Bókfært verð í árslok | 494.027 | 1.396.906 | 6.362 | 1.897.296 |

### Samantekið

| | Fasteignir og byggingaland | Götur og veitukerfi | Hafnar-mannvirki | Tæki, bifreiðar og lóðsbátur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 2.737.917 | 2.378.006 | 931.068 | 100.299 | 6.147.291 |
| Afskrifað áður | (406.050) | (749.446) | (272.109) | (77.769) | (1.505.374) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 2.331.867 | 1.628.560 | 658.959 | 22.530 | 4.641.917 |
| Viðbót á árinu | 91.811 | 501.487 | 24.954 | 4.920 | 623.172 |
| Selt á árinu | (84.626) | 0 | 0 | (101) | (84.727) |
| Afskrifað á árinu | (46.767) | (53.835) | (30.590) | (3.964) | (135.156) |
| Bókfært verð í árslok | 2.292.285 | 2.076.212 | 653.323 | 23.385 | 5.045.205 |

## 7. Fastafjármunir (framhald)

Fasteignamat og vátryggingamat fasteigna sveitarfélagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteigna-mat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| **Bæjarsjóður** | | | |
| Tónlistarskólar | 42.770 | 82.950 | 28.364 |
| Gæsluvellir | 30.190 | 35.640 | 10.904 |
| Íþróttamannvirki | 57.150 | 25.000 | 27.988 |
| Aðrar fasteignir og byggingaland | 1.947.139 | 574.580 | 426.771 |
| | 2.077.249 | 718.170 | 494.027 |
| **Samantekið** | | | |
| Fasteigna bæjarsjóðs sbr. skýringu hér að ofan | 2.077.249 | 718.170 | 494.027 |
| Fasteignir Reykjanesbæjar ehf. | 2.735.677 | 3.133.220 | 1.634.987 |
| Framkvæmdasjóður aldraðra Reykjanesbæ | 87.110 | 177.620 | 40.998 |
| Reykjaneshöfn | 39.338 | 71.530 | 34.545 |
| Þróunarsjóður Reykjanesbæjar hf | 104.530 | 161.330 | 87.728 |
| | 5.043.904 | 4.100.540 | 2.292.285 |

## 8. Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar í félögum í árslok greinast þannig:

| | | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|---|
| | Hlutdeild | Bókfært verð | Bókfært verð |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum: | | | |
| Hitaveita Suðurnesja hf | 34,75% | 3.640.964 | 6.941.370 |
| Fasteignir Reykjanesbæjar ehf | 100,00% | 438.285 | 0 |
| Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf | 100,00% | 526.000 | 712.989 |
| Þróunarsjóður Reykjanesbæjar hf | 98,92% | 98.920 | 0 |
| | | 4.704.169 | 7.654.360 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum: | | | |
| Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja ehf. | 30,06% | 59 | 59 |
| Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf | 15,29% | 71.974 | 71.974 |
| Geysir Green Energy | 1,00% | 175.000 | 175.000 |
| Heilsufélagið Bláa Lónið hf. | 0,06% | 600 | 600 |
| Íslendingur ehf | 23,00% | 8.000 | 8.000 |
| Keilir ehf | 1,62% | 5.000 | 5.000 |
| Landskerfi Bókasafna | 1,91% | 2.873 | 2.873 |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf | 3,03% | 268.425 | 268.425 |
| Sparisjóðurinn í Keflavík | 0,169% | 21.768 | 21.768 |
| Talus ehf | 0,94% | 200 | 200 |
| Tjarnargata 12 ehf. | 30,10% | 2.107 | 2.107 |
| Afskriftareikningur eignarhluta | | (30.729) | (30.729) |
| | | 525.312 | 525.312 |
| | | 5.229.481 | 8.179.672 |

## 9. Langtímakröfur

| Skuldabréfaeign greinist þannig: | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Gerðahreppur og Vatnsleysustrandarhreppur | 0 | 23.198 |
| Almenn skuldabréfaeign | 131.359 | 131.359 |
| | 131.359 | 154.557 |
| - óbein afskrift skuldabréfa | (17.144) | (17.144) |
| | 114.215 | 137.413 |
| Næsta árs og gjaldfallnar afborganir | (33.384) | (39.183) |
| | 80.831 | 98.230 |

Afborganir af skuldabréfaeign dreifast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Næsta árs og gjaldfallnar afborganir | 33.384 | 39.183 |
| Afborganir 2008 | 7.641 | 13.441 |
| Afborganir 2009 | 7.489 | 13.289 |
| Afborganir 2010 | 6.956 | 12.755 |
| Afborganir síðar | 75.889 | 75.889 |
| | 131.359 | 154.557 |

## 10. Aðrar langtímakröfur

| Aðrar langtímakröfur greinast þannig: | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf | 56.796 | 56.796 |
| Næsta árs afborgun | (16.591) | (16.591) |
| | 40.205 | 40.205 |
| Manngildissjóður | 621.673 | 621.673 |
| | 621.673 | 621.673 |

## 11. Óinnheimtar tekjur

| Óinnheimtar tekjur í árslok greinast þannig: | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Útsvör og aðstöðugjöld: | | |
| Gjöld í innheimtu Sýslumannsins í Keflavík | 263.455 | 263.455 |
| - óbein afskrift gjalda | (51.092) | (51.092) |
| Sýslumaðurinn í Keflavík millireikningur | 1.260 | 1.260 |
| Útistandandi staðgreiðsla | 302.719 | 302.719 |
| | 516.342 | 516.342 |
| Fasteignagjöld: | | |
| Gjöld í gjaldendabókhaldi bæjarsjóðs | 37.971 | 37.971 |
| | 37.971 | 37.971 |
| Aðrar tekjur: | | |
| Gatnagerðargjöld | 371.732 | 371.732 |
| - óbein afskrift gjalda | (3.717) | (3.717) |
| Vistgjöld barna á leikskólum | 11.840 | 11.840 |
| Ýmsar tekjur | 27.218 | 27.218 |
| - óbein afskrift gjalda | (2.191) | (2.191) |
| | 404.882 | 404.882 |
| Óinnheimtar tekjur bæjarsjóðs alls | 959.195 | 959.195 |
| Viðskiptakröfur annarra félaga | 0 | 293.002 |
| Óinnheimtar tekjur alls | 959.195 | 1.252.197 |

## 11. Óinnheimtar tekjur (framhald)

Óinnheimt útsvör auk dráttarvaxta af þeim kröfum eru niðurfærð um óbeina afskrift. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim vanhöldum sem kunna að verða á innheimtu fyrirframgreindra krafna. Niðurskrift þessi nemur alls kr. 51.092.325, sem er um 19,39% óinnheimts útsvars, aðstöðugjalda og dráttarvaxta. Óbein afskrift útsvara og dráttarvaxta af þeim hækkar um 19.883.643 kr. á árinu.

Aðrar útistandandi tekjur, víxileign, skuldabréfaeign og viðskiptamenn vegna ábyrgða eru niðurfærð á sama hátt til að mæta vanhöldum sem kunna að verða á innheimtu þeirra. Í árslok hefur samtals verið lagt í afskriftasjóð vegna gatnagerðargjalda kr. 3.717.319, vegna vistgjalda og annarra tekna kr. 2.191.228, vegna víxileignar kr. 100.000, vegna skuldabréfaeignar kr. 17.144.145 og kr. 36.225.242 vegna viðskiptamanna. Ofangreindir afskriftasjóðir eru færðir til lækkunar á viðkomandi liðum í efnahagsreikningi. Óbeinar afskriftir vegna þessara krafna lækka um kr. 2.612.420 á árinu og er fært í málaflokk 21, sameiginlegur kostnaður.

## 12. Markaðsverðbréf

| Markaðsverðbréf eru öll innleysanleg innan þriggja mánaða greinast þannig: | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Glitnir - sjóður 9 | 860.676 | 860.676 |
| Peningamarkaðsbréf EUR - Sjóður 9.1 | 31.258 | 31.258 |
| Peningamarkaðsbréf USD - Sjóður 9.3 | 15.909 | 15.909 |
| Peningamarkaðsbréf Avant | 1.000.000 | 1.000.000 |
| | 1.907.842 | 1.907.842 |
| Keypt á árinu | 1.861.959 | 1.861.959 |
| Verðbreytingar | 45.883 | 45.883 |
| Staða í árslok | 1.907.842 | 1.907.842 |

## 13. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

| | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 3.106.734 | 3.511.205 |
| Endurmat hlutdeildarfélaga á árinu | 0 | 412.095 |
| Leiðrétt langtímalán fyrri ára | 0 | (1.470) |
| Breyting vegna Lánasjóðs sveitarfélaga ohf | 339.554 | 339.554 |
| Rekstrarafkoma ársins | 2.022.862 | 2.492.698 |
| | 5.469.150 | 6.754.082 |

## 14. Skuldbindingar

Á bæjarsjóði hvílir lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna bæjarfélagsins hjá Eftirlaunasjóði Reykjanesbæjar, B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði Hjúkrunarkvenna en um er að ræða réttindatengd kerfi í þessum sjóðum með bakábyrgð launagreiðanda. Áfallin skuldbinding skv. útreikningi tryggingafræðinga miðað við 2% ávöxtun umfram launahækkanir. Skuldbindingin nemur alls um 2.180,2 milljónum króna í árslok 2007 og hefur þá hækkað um 140,8 milljónir króna frá sama tíma árið áður. Gjaldfærsla skuldbindingarinnar nemur 188,6 milljónum króna hjá bæjarsjóði.

Á Reykjaneshöfn hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin nemur um 44 milljónum króna samkvæmt tryggingafræðilegu mati og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram launahækkanir. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu 2007 nam um 9,1 milljón króna. Til gjalda í rekstrarreikningi Reykjaneshafnar er færðar 9,7 milljónir króna.

## 14. Skuldbindingar (framhald)

| | Árið 2007 | | Árið 2006 | |
|---|---|---|---|---|
| | Bæjarsjóður | Samantekið | Bæjarsjóður | Samantekið |
| Lífeyrisskuldbindingar frá fyrra ári | 2.039.382 | 2.074.298 | 1.751.162 | 1.781.508 |
| Hækkun ársins | 188.599 | 198.321 | 341.238 | 345.806 |
| Afborganir ársins | (47.825) | (48.476) | (53.017) | (53.017) |
| Lífeyrisskuldbindingar í árslok | 2.180.157 | 2.224.142 | 2.039.382 | 2.074.298 |
| | | | | |
| Greining lífeyrisskuldbindinga: | | | | |
| Áfallin lífeyrisskuldbinding | 2.644.514 | 2.690.518 | 2.414.791 | 2.451.309 |
| Áfallin skuldbinding vegna rekstrar | 39.350 | 39.695 | 28.147 | 28.421 |
| Endurmetin eign | (503.707) | (506.071) | (403.556) | (405.432) |
| | 2.180.157 | 2.224.142 | 2.039.382 | 2.074.298 |

## 15. Langtímaskuldir

| Yfirlit um langtímaskuldir: | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum: | | |
| Skuldir í EUR | 1.306.410 | 1.306.410 |
| Skuldir í USD | 387.996 | 387.996 |
| Skuldir í JPY | 145.999 | 145.999 |
| Skuldir í CHF | 228.830 | 228.830 |
| | 2.069.235 | 2.069.235 |
| Skuldir í íslenskum krónum | 1.462.357 | 5.606.935 |
| | 3.531.592 | 7.676.169 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (532.631) | (1.382.452) |
| Langtímaskuldir í árslok | 2.998.961 | 6.293.717 |

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

| | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 532.631 | 1.382.452 |
| Afborganir 2009 | 334.261 | 610.527 |
| Afborganir 2010 | 1.428.903 | 1.691.699 |
| Afborganir 2011 | 591.502 | 839.473 |
| Afborganir 2011 | 217.839 | 450.916 |
| Afborganir síðar | 426.455 | 2.701.103 |
| | 3.531.592 | 7.676.169 |

## 16. Ábyrgðir og veðsetningar

Á bæjarsjóði hvíla ábyrgðarskuldbindingar sem ekki hafa verið færðar í efnahagsreikning bæjarsjóðs. Þessar skuldbindingar eru:

Hlutur bæjarsjóðs í ábyrgðarskuldbindingum til þriðja aðila sem bæjarstjórn hefur samþykkt með einfaldri bæjarábyrgð nemur alls að eftirstöðvum um 4,8 milljónum króna.

Bæjarsjóður er í greiðsluskuldbindingum vegna landakaupasamninga að fjárhæð 7,5 milljónir króna og vegna íþróttamannvirkja að fjárhæð um 2,9 milljónir króna.

## 16. Ábyrgðir og veðsetningar (framhald)

Bæjarsjóður Reykjanesbæjar er í ábyrgðum á öllum skuldum sjálfstætt rekinna stofnana í eigu bæjarfélagsins. Hér er um að ræða skuldir Fasteigna Reykjanesbæjar ehf. um 1.742,6 milljónum króna og Reykjaneshafnar um 2.713,8 milljónir króna eins og þær voru samkvæmt efnahagsreikningi þessara stofnana í árslok 2007.

Bæjarsjóður Reykjanesbæjar ber ábyrgð að hluta á skuldum sameignarfélaganna Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og Dvalarheimilis aldraðra á Suðurnesjum auk skulda Hitaveitu Suðurnesja hf. sem teknar voru áður en félagið var gert að hlutafélagi. Ábyrgð Bæjarsjóðs Reykjanesbæjar nemur um 624,9 milljónum króna fyrir Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, 336,9 milljónum króna fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og um 77,3 milljónum króna fyrir Dvalarheimili aldraðra á Suðurnesjum.

## 17. Rekstrarleigusamningar

Reykjanesbær gerði á árinu 2003 rekstrarleigusamninga um leigu og rekstur á alls 27 fasteignum undir skóla, leikskóla, skrifstofur, æskulýðs- og íþróttastarf, byggðasafn og aðra starfsemi við dótturfélag Eignarhaldsfélagsins Fasteign ehf. Samningarnir eru allir til 30 ára og lýkur á árinu 2033. Leigugreiðslur hófust í maí 2003. Nokkrir samningar hafa bæst við og aðrir fallið niður frá árinu 2003 og í árslok 2007 eru samningarnir orðnir 35 talsins.

### Samningar Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.:

| | Upphaf leigutíma | Lágmarksleigugreiðslur á verðlagi í janúar 2008 2008 | 2009-2012 | Síðar | Núvirði lágm. leigugreiðslna |
|---|---|---|---|---|---|
| Íþróttahús (3 samningar)........................................ | 1.5.2003 | 40.239 | 160.957 | 831.609 | 582.699 |
| Íþróttahús (1 samningur)........................................ | 26.8.2005 | 25.624 | 102.495 | 525.287 | 386.778 |
| Íþróttahús (1 samningur)........................................ | 15.8.2007 | 2.362 | 9.448 | 57.473 | 36.937 |
| Sundmiðstöð (1 samningur).................................. | 1.5.2003 | 14.589 | 58.357 | 301.510 | 211.265 |
| Sundmiðstöð (1 samningur).................................. | 1.4.2006 | 39.776 | 159.103 | 822.031 | 575.988 |
| Leikskólar (7 samningar)........................................ | 1.5.2003 | 24.684 | 98.736 | 510.136 | 357.446 |
| Leikskólar (1 samningur)........................................ | 1.2.2004 | 4.673 | 18.692 | 96.575 | 67.669 |
| Leikskólar (1 samningur)........................................ | 1.1.2007 | 2.181 | 8.724 | 45.073 | 31.582 |
| Leikskólar (1 samningur)........................................ | 15.8.2007 | 14.078 | 56.313 | 342.573 | 220.167 |
| Skólar (5 samningar)................................................ | 1.5.2003 | 123.437 | 493.750 | 2.427.603 | 1.787.486 |
| Skólar - viðbygging (1 samn.)................................ | 1.7.2005 | 3.925 | 15.698 | 81.107 | 56.831 |
| Skólar (1 samningur)................................................ | 1.8.2005 | 35.317 | 141.266 | 800.507 | 533.085 |
| Skólar - viðbót (1 samningur)................................ | 1.8.2007 | 20.126 | 80.506 | 491.420 | 314.546 |
| Félagsheimili ( 1 samningur).................................. | 1.5.2006 | 6.951 | 27.804 | 163.931 | 106.452 |
| Aðrar eignir (7 samningar) .................................... | 1.5.2003 | 13.003 | 52.011 | 281.728 | 188.293 |
| Aðrar eignir (1 samningur)..................................... | 1.12.2003 | 5.009 | 20.034 | 108.519 | 72.529 |
| Aðrar eignir (1 samningur)..................................... | 1.7.2006 | 4.807 | 19.228 | 112.564 | 73.823 |
| Samtals....................................................................... | | 380.780 | 1.523.121 | 7.999.645 | 5.603.576 |

Heildarleigugreiðslur ofangreindra samninga námu um 573,9 milljónum króna á árinu 2007.

## 17. Rekstrarleigusamningar (framhald)

Auk ofangreindra samninga eru í gildi samningar um leigu á alls 3 fasteignum undir bókasafn, skrifstofur og íþróttahöll við fasteignafélögin Mæni ehf. og Landsafl hf. Lengd leigusamninganna eru frá 10 til 35 ára og lýkur greiðslu þeirra í síðasta lagi á árinu 2034:

### Aðrir samningar:

| | Upphaf | Lágmarksleigugreiðslur á verðlagi í janúar 2008 | | | Núvirði lágm. |
|---|---|---|---|---|---|
| | leigutíma | 2008 | 2009-2012 | Síðar | leigugreiðslna |
| Bókasafn - Hafnargata 57 (2 ár) | 1.6.2005 | 1.655 | 0 | 0 | 1.655 |
| Bæjarskrifstofa - Tjarnargata12 (20 ár) | 1.2.1999 | 13.988 | 55.951 | 85.093 | 118.773 |
| Reykjaneshöll (35 ár) | 18.2.1999 | 20.531 | 82.123 | 453.385 | 308.044 |
| | | 36.173 | 138.074 | 538.478 | 428.472 |

Heildarleigugreiðslur vegna annarra samninga námu um 87,7 milljónum króna á árinu 2007.

Skv. ofangreindum leigusamningum hefur leigutaki ekki kauprétt á hinum leigðu eignum gegn óverulegri greiðslu og eignarréttur flyst ekki yfir til leigutaka í lok leigutíma. Leigutími þessara samninga er talsvert skemmri en áætlaður líftími eignanna og núvirði lágmarksleigugreiðslna er undir raunvirði þeirra. Leigusamningar þessir eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og því ekki eignfærðir né skuldbinding vegna þeirra færðar til skuldar í efnahagsreikningi.

## 18. Kennitölur

| | Bæjarsjóður | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| | 2007 | Fjárhags-áætlun 2007 | 2007 | Fjárhags-áætlun 2007 |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | |
| Skatttekjur | 68,53% | 72,89% | 62,72% | 67,28% |
| Framlög jöfnunarsjóðs | 11,99% | 11,30% | 11,04% | 10,43% |
| Skatttekjur samtals | 80,52% | 84,18% | 73,76% | 77,71% |
| Aðrar tekjur | 19,48% | 15,82% | 26,24% | 22,29% |
| | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| Laun og launatengd gjöld | 43,78% | 48,09% | 41,29% | 45,36% |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 3,32% | 2,87% | 3,21% | 2,64% |
| Annar rekstrarkostnaður án afskrifta | 56,91% | 53,29% | 55,42% | 51,16% |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir | (4,01%) | (4,25%) | 0,08% | 0,84% |
| Afskriftir | 0,71% | 0,76% | 2,19% | 2,27% |
| Rekstrargjöld | 104,72% | 105,02% | 102,11% | 101,43% |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | | | 20,15% | 7,35% |
| Fjármagnsliðir, nettó | (40,30%) | (45,88%) | (22,36%) | (30,47%) |
| Rekstrarniðurstaða | 35,58% | 40,86% | 40,40% | 36,39% |
| Handbært fé frá rekstri | -0,04% | | -4,96% | |
| Fjárfestingahreyfingar | 35,38% | | 42,37% | |

## 18. Kennitölur (framhald)

**Í þúsundum króna á íbúa:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Rekstur: | | | | |
| Skatttekjur og jöfnunarsjóður | 345 | 332 | 343 | 332 |
| Aðrar tekjur | 84 | 62 | 122 | 95 |
| Rekstrartekjur samtals | 429 | 395 | 466 | 428 |
| Rekstrargjöld og fjármagnsliðir | (276) | (234) | (371) | (304) |
| Hlutdeildartekjur | 0 | 0 | 104 | 35 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 153 | 161 | 198 | 159 |

| | 31.12.2007 | 31.12.2006 | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|---|---|
| Efnahagur: | | | | |
| Eignir | 901 | 778 | 1.338 | 1.149 |
| Eigið fé | 413 | 260 | 510 | 294 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 164 | 171 | 168 | 174 |
| Skuldir án skuldbindinga | 324 | 347 | 660 | 681 |
| Sjóðstreymi: | | | | |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | (0,2) | 0,3 | (23,1) | 9,5 |
| Aðrar lykiltölur: | | | | |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir | 2,63 | 1,68 | 1,52 | 1,11 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildarfjármagn | 45,77% | 33,47% | 38,09% | 25,61% |

| **Fimm ára yfirlit sveitarsjóðs:** | Árið 2007 | Árið 2006 | Árið 2005 | Árið 2004 | Árið 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi: | | | | | |
| Í ársbyrjun | 11.928 | 11.346 | 10.954 | 10.907 | 10.923 |
| Breyting á árinu | 1.328 | 582 | 392 | 47 | (16) |
| Í árslok | 13.256 | 11.928 | 11.346 | 10.954 | 10.907 |
| **Í hlutfali við rekstrartekjur** | | | | | |
| Skatttekjur | 66,96% | 64,15% | 63,92% | 66,81% | 70,06% |
| Framlög jöfnunarsjóðs | 11,99% | 13,12% | 11,55% | 10,91% | 10,16% |
| Lóðarleiga | 1,57% | 1,36% | 1,32% | 1,31% | 1,39% |
| Skatttekjur samtals | 80,52% | 78,63% | 76,79% | 79,03% | 81,61% |
| Aðrar tekjur | 19,48% | 21,37% | 23,21% | 20,97% | 18,39% |
| | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| Laun og launatengd gjöld | 43,78% | 45,92% | 48,16% | 49,84% | 57,17% |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 3,32% | 6,87% | 4,43% | 5,14% | 6,72% |
| Annar rekstrarkostnaður | 56,91% | 53,24% | 51,60% | 59,36% | 68,10% |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir | -4,01% | -6,03% | -3,64% | -6,60% | -26,17% |
| Afskriftir | 0,71% | 0,65% | 0,54% | 0,52% | 1,15% |
| Rekstrargjöld | 104,72% | 106,68% | 104,19% | 114,34% | 127,32% |
| Fjármagnsliðir, nettó | -40,30% | 3,17% | -6,28% | -5,94% | -3,94% |
| Rekstrarniðurstaða | 35,58% | -9,86% | 2,09% | -7,12% | -0,97% |

## 18. Kennitölur (framhald)

**Í þúsundum króna á íbúa:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur:** | | | | | |
| Skatttekjur og jöfnunarsjóður | 345 | 328 | 283 | 260 | 237 |
| Aðrar tekjur | 84 | 89 | 85 | 65 | 53 |
| | 429 | 417 | 368 | 325 | 291 |
| Laun og launatengd gjöld | 188 | 191 | 177 | 162 | 166 |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 14 | 29 | 16 | 17 | 20 |
| Annar rekstrarkostnaður | 247 | 224 | 190 | 193 | 198 |
| Fjármagnsliðir, nettó | (173) | 13 | (23) | (19) | (11) |
| Aðrir liðir | 0 | 0 | 0 | (4) | (79) |
| | 276 | 458 | 360 | 348 | 293 |
| Hagnaður (tap) samtals | 153 | (41) | 8 | (23) | (3) |
| **Efnahagur:** | | | | | |
| Eignir | 901 | 778 | 748 | 753 | 732 |
| Eigið fé | 413 | 260 | 317 | 320 | 344 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 164 | 171 | 154 | 147 | (14) |
| Skuldir og skuldbindingar | 324 | 347 | 264 | 286 | 254 |
| **Sjóðstreymi:** | | | | | |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | (0,2) | 0,3 | 0,6 | (21,0) | (63,4) |
| **Aðrar lykiltölur:** | | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 2,63 | 1,68 | 1,7 | 1,75 | 2,02 |
| Eiginfjárhlutfall | 45,77% | 33,47% | 42,32% | 42,46% | 47,02% |